

Nettengd Biblía fyrir börn
kynnir



Ester,
drottningin
fagra



Höfundur: Edward Hughes

Myndskreytingar: Janie Forest

Aðlagað af: Ruth Klassen

Þýðandi: Práinn Kristjánsson

Framleiðandi: Bible for Children
www.M1914.org

©2010 Bible for Children, Inc.
Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta
þessa sögu, en ekki selja.



Þessi saga er um unga, fallega stúlku sem hét Ester. Eftir að foreldrar hennar dóu, tók frændi hennar Mordekaí hana sér í dóttur stað. Ester reyndist frænnda sínum hlýðin og góð dóttir.





Ester, sem var af Gyðingum
komin, átti heima í Persíu.
Forfeður hennar höfðu komið
til Persíu sem stríðsfangar.





Á hennar tímum bjó
fjöldi Gyðinga í Persíu.



Persakonungur hélt mikla veislu fyrir tignarmenn víða að úr heiminum. Mennirnir, ásamt konungi, snæddu sér í lagi frá konunum, ...





... á meðan
þær sátu
til borðs í
sér veislu
með Vastí
drottningu.



Konungur, sem orðin var drukkinn,

krafðist

þess af

drottningu

að setja upp

kórónuna, og

sýna gestum

fegurð sína.


Vastí

drottning

neitaði.



Til að
undirstrika
að konur
ættu að sýna
eiginmönnum sínum
virðingu, lögleiddi
konungur að kórónan
skyldi tekin af
Vastí. Nú var
hún ekki lengur
drottning.



Hafin var
leit að nýrri
drottningu.
Af öllum fegurstu
stúlkunum í
konungsríkinu,
kaus konungur
sér Ester
fyrir konu.




Hann lét
setja hina
konunglegu
kórónu á höfuð
hennar og
krýndi hana.



Ester,
samkvæmt
fyrirmælum
frænda síns,
hélt því leyndu
fyrir konungi
að hún væri af
gyðingættum.




Dag nokkurn,
er Mordekaí



frændi var að
hlera um Ester
við hallarhliðið,
heyrði hann á tal
tveggja hirðmanna
er ráðguðust um
að myrða konung.



Mordekaí kom skilaboðum




áleiðis til að
bjarga lífi konungs.

Hirðmennirnir
voru hengdir, og
nafn Mordekaí var
skráð í annálabók
konungs.




Valdamesti maðurinn við
hirðina, næstur konungi,
var maður að nafni Haman.
Hann var vel efnum búinn
og litu allir upp til hans.




Það er að segja, allir
nema gyðingurinn
Mordekaí, sem tilbað
aðeins almáttugan Guð.



Haman hataði Mordekaí
svo mikið, að hann
ákvað að drepa
hann og alla
gyðinga í
Persíu.




Haman tókst með brögðum að ginna
konung til að setja ný lög sem
sögðu að innan ákveðins
tíma, skyldu
allir gyðingar í
konungsveldinu
drepnir.





Þessi
hræðilegu
lög ollu bæði
Gyðingum og
Persum miklum
áhyggjum.





En ekki
má gleyma
því að það var
Guð sem kom
því til leiðar að
gyðingastúlkan
Ester varð krýnd
drottning.





Skyldi
hún halda
leyndarmáli
sínu frá konungi?
Eða, skyldi hún
setja sig í lífshættu
fyrir fólk sitt?



Guð gaf Ester klára hugmynd. Hún ákvað að halda sérlega veislu fyrir konung og Haman. Hún gekk síðan á fund konungs til að bjóða honum og Haman til veislunnar.



Þar hét konungur því að gefa henni hvað sem hún vildi. Ester svaraði, "Þess vænti ég að konungur og Haman komi í veislu mína á morgun" og þar mundi hún láta konung vita hvers hún mundi óska sér.



Í millitíðinni var
Haman að byggja
gríðarstórann gálga
til að hengja
Mordekaí.



Konungur svaf lítið þá nótt, og lét sækja og lesa fyrir sig annálabókina. Kom þá í ljós að Mordekaí hafði ekki hlotið neina sæmd


fyrir að
bjarga lífi
konungs.



Að morgni spurði konungur
Haman, "Hvað á að gera
fyrir manninn sem
konungur vill heiðra?"


Haman, frá sér
numinn, hélt

að hann
ætti við sig.






Haman hafði komið til að fá
leyfi konungs til að hengja
Mordekaí. Gálginn var
tilbúinn, en nú mátti það
bíða.



Spennur, Haman svaraði konungi, "Klæða hann í konunglegan skrúða og setja á hann kórónu."






"Setja hann á hest konungs
og láta einn tignarmanna
hans ríða með honum um
götur borgarinnar í allra
auglýn."






"Gjör þetta nú
þegar fyrir gyðinginn
Mordekaí." fyrirskipaði
konungur
Haman.



Hvernig ætli Haman hafi
liðið er hann sá Mordekaí
heiðraðann?



Hatur hans í garð
Mordekaí var nú mun meira
en áður. Kannski hann hafi
hugsað
sér: ...




... "Áður en langt um líður
verður hann, og allir hinir
gyðin-garnir,
dauðir."




Seinna um daginn, mættu
Haman og Konungur
til veislu Esterar
drottningar.

"Hver er ósk þín
Ester drottning?"




Spurði konungur, því hann
hafði ekki gleymt loforði
sínu. Ester sagði þá
konungi alla söguna
um svik Hamans.
"Hengið hann!"
sagði konungur.




Konungur lét þá setja ný lög sem gáfu gyðingum rétt til að vernda málstað sinn, er bjargaði þeim undan harminum sem yfir vofði.

Mordekaí varð annar valdamesti maður ríkisins á eftir konungi.



Gyðingar fögnuðust mikið og
skiptust á gjöfum. Gyðingum er
enn minnisstætt hvernig Guð
notaði Ester
drottningu
til að
bjarga
lífum
þeirra.



Ester, drottningin fagra

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,

er að finna í

Esterarbók 1-10

“Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau.”

Sálmarnir 119:130



Endir



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð,
sem skapaði okkur, og sem vill að þú
þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem
hann kallar synd. Hegning syndarinnar er
dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann
sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á
krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar.
Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim
til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður
hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá
fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til
að lifa í þér, og þú með honum til eilíðar.



Ef þú trúir þessu, segðu þá
eftirfarandi til Guðs:

Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem
komst í líki manns til að deyja fyrir syndir
mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig
að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér
syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og
komið svo til að vera með þér í himnaríki.
Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir
þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á
hverjum degi!

